ALM VERÐBRÉF HF.

Reglur um hæfi lykilstarfsmanna

Efnisyfirlit

Breytingasaga 3

1. Inngangur 4
2. Ábyrgðaraðili 4
3. Skilgreining 4
4. Hæfisskilyrði 4
5. Framkvæmd hæfismats 5
6. Endurskoðun og upplýsingagjöf 6

Breytingasaga

2021 01 Fyrsta útgáfa
2024 02 Sniðmát uppfært án efnislegra breytinga.
2024 09 Lagatilvísanir uppfærðar.
2025 10 Breytingar vegna umsóknar um aukið starfsleyfi

1. Inngangur

1.1. Reglum þessum er ætlað að skilgreina hæfisskilyrði lykilstarfsmanna ALM Verðbréfa hf. („ALM Verðbréf“ eða „félagið“) og tryggja að þeir uppfylli hæfisskilyrðin á hverjum tíma.

1.2. Reglur þessar eru settar í samræmi við leiðbeinandi tilmæli fjármálaeftirlits Seðlabanka Íslands nr. 3/2010 um hæfi lykilstarfsmanna, sbr. lög nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki og sameiginlegar viðmiðunarreglur EBA og ESMA um mat á hæfi stjórnar, framkvæmdastjóra og lykilstarfsmanna (ESMA35-36/2319 EBA/GL/2021/06).

1.3. Hæfi og heilindi lykilstarfsmanna er einn af grundvallarþáttum varðandi rekstar- og orðsporsáhættu fyrirtækja á fjármálamarkaði. Hæfi stjórnarmanna, framkvæmdastjóra og lykilstarfsmanna er einn mikilvægasti grundvöllur heilbrigðra og eðlilegra viðskiptahátta fjármálafyrirtækis.

2. Ábyrgðaraðili

2.1. Stjórn ALM Verðbréfa ber ábyrgð á reglum þessum og verklagi við flokkun, skilgreiningu og mat á hæfi lykilstarfsmanna. Framkvæmdastjóri framfylgir reglum þessum.

3. Skilgreining

3.1. Lykilstarfmaður ALM Verðbréfa telst vera einstaklingur í stjórnunarstarfi, annar en framkvæmdastjóri, sem stöðu sinnar vegna getur haft veruleg áhrif á stefnu félagsins.

3.2. ALM Verðbréf hefur skilgreint eftirfarandi aðila sem lykilstarfsmenn:

- Hjörtur H. Jónsson, forstöðumaður eignastýringar
- Ísak S. Hauksson, forstöðumaður viðskiptasviðs
- Þóra Leifsdóttir, forstöðumaður rekstrarsviðs
- Birgir Birgisson, framkvæmdastjóri ALÍSU hf.

4. Hæfisskilyrði

4.1. Framkvæmdastjóri framkvæmir hæfismat. Heimilt er að fá utanaðkomandi aðila til að sinna hæfismati á lykilstarfsmönnum.

4.2. Við tilgreiningu hæfisskilyrða er höfð hliðsjón af hæfisskilyrðum fyrir stjórn og framkvæmdastjóra, sbr. 52. gr. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki. ALM Verðbréf setur eftirfarandi skilyrði um hæfi lykilstarfsmanna:

- Lykilstarfsmaður þarf að vera lögráða, fjárhagslega sjálfstæður með hliðsjón af fjárhagsstöðu og vera með óflekkað mannorð. Lykilstarfsmaður hafi ekki í tengslum við atvinnurekstur hlotið dóm á síðustu 10 árum fyrir refsiverðan verknað. Lykilstarfsmaður þarf að vera búsettur í aðildarríki eða ríki sem er aðili að Efnahags- og framfarastofnun (OECD). Starfsmaðurinn þarf að búa yfir fullnægjandi háskólamenntun, þekkingu og starfsreynslu.
- Lykilstarfsmenn skulu hafa yfir að búa nægilegri þekkingu, reynslu og menntun til að geta sinnt stöðu sinni á tilhlýðilegan hátt.
- Lykilstarfsmenn skulu hafa gott orðspor og starfa af heiðarleika og heilindum.
- Lykilstarfsmanni ber að hafa góða þekkingu á þeim lögum, reglugerðum og reglum sem gilda um starfsemi ALM Verðbréf og um starfsvið hlutaðeigandi lykilstarfsmanns.

4.3. Framkvæmdastjóri tilgreinir hvaða efnisatriði verða lögð til grundvallar við mat á þekkingu lykilstarfsmanns. Hafa þarf til hliðsjónar starfssvið hlutaðeigandi lykilstarfsmanns. Stjórn getur áskilið sér rétt til að staðfesta þau efnisatriði sem lögð eru til grundvallar hverju sinni.

4.4. Í hæfismati skal a.m.k. meta hvort lykilstarfsmaður hafi gott orðspor, fullnægjandi þekkingu, getu og reynslu til að sinna skyldum sínum, geti starfað af heiðarleika og heilindum og verið sjálfstæður í hugsun til þess að geta metið, gagnrýnt og haft eftirlit með ákvarðanatöku. Þá skal einnig meta hvort lykilstarfsmaður hafi nægilegan tíma til að geta sinnt störfum sínum á tilhlýðilegan hátt.

4.5. Í hæfismati skal leggja mat á starfsferil lykilstarfsmanns. Höfð skal hliðsjón af því hvort lykilstarfsmaður hafi sætt rannsókn opinberra eftirlitsaðila, hvort höfðað hafi verið mál á hendur honum, hvort réttmætar kvartanir hafi beinst gegn honum vegna eftirlitsskyldrar starfsemi, hvort hann hafi verið stjórnandi fyrirtækis sem orðið hefur gjaldþrota og hvort honum hafi verið sagt upp störfum vegna athafna sinna eða athafnaleysis. Hér er um að ræða mat með tilliti til orðsporsáhættu fyrir ALM Verðbréf og hvort fyrri háttsemi sé til þess fallin að draga í efa hæfni lykilstarfsmanna eða þeir muni hugsanlega misnota aðstöðu sína eða skaða félagið.

4.6. Ef lykilstarfsmaður hefur réttarstöðu grunaðs manns í sakamáli sem varðar atvinnurekstur eða starfsemi á fjármálamarkaði, ber honum skylda að tilkynna það til framkvæmdastjóra. Framkvæmdastjóri hefur heimild til að víkja viðkomandi lykilstarfsmanni tafarlaust úr starfi, bæði tímabundið og varanlega. Sömu aðilar geta einnig ákveðið að sú ákvörðun að víkja lykilstarfsmanni úr starfi tímbundið eða varanlega, sé háð málsatvikum hverju sinni.

4.7. Komi upp sú staða að lykilstarfsmaður sé í slíkum tengslum við einstaklinga eða lögaðila að hann geti orðið viðvarandi vanhæfur til að sinna störfum sínum vegna hagsmunaárekstra eða að sú staða sé líkleg til að skaða orðspor félagsins. Við mat á sérstöku hæfi skal einnig hafa til hliðsjónar II. kafla stjórnsýslulaga nr. 37/1993.

5. Framkvæmd hæfismats

5.1. ALM Verðbréf áskilur sér rétt til að kalla eftir þeim gögnum sem þurfa þykir til að framkvæma hæfismat. Hæfismat takmarkast ekki af þeim upplýsingum sem fyrir liggja, heldur getur félagið áskilið sér allan rétt til að kalla eftir viðbótargögnum í hverju tilviki, s.s. sakavottorð, afritun af skattskýrslum, veðbókarvottorði og yfirlitum frá fjármástofnunum.

5.2. Framkvæma skal hæfismat áður en lykilstarfsmaður er ráðinn í tiltekið starf. Lykilstarfsmenn sem eru í starfi við gildistöku reglnanna þurfa að sæta hæfismati innan árs frá gildistöku reglna um hæfismat.

5.3. Mat á hæfi lykilstarfsmanna skal endurtekið sérstaklega í eftirfarandi tilvikum:

5.3.1. Við veitingu starfsleyfis og eftir atvikum við breytingar á þegar veittum starfsleyfum, og

5.3.2. þegar nauðsyn krefur vegna aðstæðna sem geta haft veruleg áhrif á hæfi lykilstarfsmanna.

5.4. Lykilstarfsmaður sem ekki stenst hæfismat að öllu leyti eða að hluta (menntun, þekking, starfsreynsla), fær tækifæri til að endurtaka þann hluta (aðeins þekkingarhluta) sem hann stóðst ekki innan mánaðar frá fyrra hæfismati. Lykilstarfsmaður mun ekki gegna viðkomandi starfi, hafi hann ekki staðist endanlegt hæfismat.

5.5. Sambærilegar reglur gilda um hæfismat lykilstarfsmanns sem fluttur er í annað starf, þar sem hann telst einnig vera lykilstarfsmaður.

6. Endurskoðun og upplýsingagjöf

6.1. Reglur um hæfi lykilstarfsmann skulu samþykktar í stjórn ALM Verðbréfa og endurskoðaðar einu sinni á ári. Reglur um hæfi lykilstarfsmanna eru birtar á heimasíðu félagsins.

Reykjavík, 30. október 2025

Stjórn ALM Verðbréfa hf.